

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 – 1997

Nr. 211

428

24. mars 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 362, 27. júní 1996,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist svo:

5. Innfjarðarækja samtals.....	10.350 lestir
þ.a. Eldey.....	1.000 lestir
þ.a. Arnarfjörður.....	700 lestir
þ.a. Ísafjarðardjúp.....	2.300 lestir
þ.a. Húnaflói.....	2.100 lestir
þ.a. Skagafjörður.....	1.500 lestir
þ.a. Skjálfandi.....	1.000 lestir
þ.a. Óxarfjörður.....	1.750 lestir

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 704, 30. desember 1996, um breytingu á reglugerð nr. 362, 27. júní 1996, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. mars 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 212

21. mars 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á viðaukum I og II með reglugerð nr. 579/1989
um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár,
sbr. reglugerð nr. 410/1992.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á viðauka I við reglugerð nr. 579/1989 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, sbr. breytingu með rg. nr. 410/1992:
Í stað litsins ljósbrúnn á varnarsvæði nr. 26 (Héraðshólf) kemur: Appelsínugulur.

2. gr.

Viðauki II með reglugerð nr. 410/1992 um breytingu á rg. nr. 579/1989 breytist til samræmis við þá breytingu sem kveðið er á um í 1. gr. þessarar auglýsingar og verður viðauki II með reglugerðinni þannig: